

# SKAFTÁRELDAR

Auður og Sigurey





# SKAFTÁRELDAR

- Þann 8.júní 1783 á hvítasunnuhátíð gaus eldur upp úr afréttarfjöllum.
- Stóð fram í febrúar 1784.
- Með gosinu fylgduaska og eitrefni sem barst um landið.
- Þetta hafði áhrif á alla Evrópu veturinn eftir.
- Hörmungarnar sem fylgdu Skaftáreldum eru kallaðar móðurharðindin.
- Sauðfé fækkaði um allt að 80%, hrossum um 60% og nautgripum um 50%.

# UM SKAFTÁRELDA.

Eldgosið sem við köllum Skaftárelda hófst 8. júní 1783 í óbyggðum norður af Síðu í Vestur-Skaftafellssýslu. Þar gaus í langri röð gíga sem eru kallaðir Lakagígur og liggja í suðvestur frá vesturjaðri Vatnajökuls í gegnum fellið Laka. Nokkrum dögum síðar helltist hraunstraumurinn niður í byggðina eftir farvegi Skaftár og tók að leggjast yfir tún og engjar á bæjum. Hraunflóðið hélt áfram niður í Meðalland og átti skammt eftir til sjávar þegar það stöðvaðist. Annað hraunflóð minna kom niður í byggð austar, í Fijótshverfi. Auk hraunsins varð mikið öskufall, og kom í ljós að askan var eitruð, líklega af flúor. Í október fór að draga úr hraunrennslinu, og í febrúar sást síðast til elda í Lakagígum. Undir hraun fóru 13 bæir en 29 aðrar jarðir og hjáleigur fóru í eyði um lengri eða skemmri tíma vegna hraunstraums, gjóskufalls, sandfoks og vatnagangs. Langflest áttu þessi býli eftir að byggjast aftur. Jarðir sem eyddust af hraunrennslinu en byggðust aftur voru um tíu ár í eyði að meðaltali, aðrar skemur.



